



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Stærðfræði – 1. bekkur

Unnið er markvisst með grunnhugtök, talnaskilning, rökhugsun, rúmfræði og mælingar. Leitast er við að tengja viðfangsefnið nemendum sjálfum, umhverfi þeirra og daglegu lífi. Áhersla er lögð á hlutbundna vinnu og að virkja nemendur á fjölbreyttan hátt, s.s. í gegnum ýmiskonar leiki, þrautir og spil. Unnið er með námsefnið Sproti 1b og Sproti 2a. Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í stærðfræði í 1. bekk en foreldrar eru hvattir til að sýna námi barnanna áhuga og grípa þau tækifæri sem gefast í daglegu lífi til að styðja við það.

### Matsviðmið

#### Tölur og reikningur

Talið upp að 20 aftur á bak og áfram.

Tengt saman fjölda og tölustafi.

Lesið af og raðað á talnalínu.

Skrifað tölustafina frá 0 til 20.

Borið saman misháar tölur og raðað í rétta röð.

Talið smápeninga og borið saman misháar upphæðir.

Skipt tölum í tugi og einingar.

Leyst einföld samlagningardæmi.

Leyst einföld frádráttardæmi.

#### Rúmfræði og mælingar

Greint algeng tvívíð form s.s. hring, ferhyrning og þríhyrning.

Greint algeng þrívíð form s.s. kúlu, sívalning og ferstrending.

Borið saman stærð, hæð, breidd og lengd hluta.

Mælt lengd ólíkra hluta við mismunandi aðstæður.

Notað óstaðlaðar mælieiningar s.s. bréfastemmur, skref o.fl.

#### Algebra

Fundið óþekkta stærð í einfaldri jöfnu.

Lýst og haldið áfram með einföld mynstur.

#### Tölfræði og líkindi

Safnað gögnum og flokkað þau eftir mismunandi eiginleikum s.s. lit eða lögun.

Talið og skráð gögn.

**Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.  
Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

**Námsmat**

Kennarar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor.  
Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.